

Gjöld :

185

Kostnaður sjóðsins	1455 50	
Varið til eflingar búnaði eptirstöðvum af búnaðarstyrk frá 1887	280 00	
Eign til næsta árs	<u>311 37</u>	2046 87

5. Norður-Þingeyjarsýsla.

Tekjur :

Eign frá fyrra ári	165 04	
Niðurlöfnun 10 aur. á hvert hundrað	<u>274 53</u>	439 57

Gjöld :

Kostnaður sjóðsins	354 50	
Eign til næsta árs	<u>85 07</u>	439 57

6. Norður-Múlasýsla.

Tekjur :

Eign frá fyrra ári	251 39	
Niðurlöfnun 15 aur. á hvert hundrað	1172 63	
Aðrar tekjur	200 00	
Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði	<u>360 00</u>	1984 02

Gjöld :

Kostnaður sjóðsins	1390 16	
Varið til eflingar búnaði	360 00	
Eign til næsta árs	<u>234 86</u>	1984 02

7. Suðurmúlasýsla.

Tekjur :

Eign frá fyrra ári	296 06	
Niðurlöfnun 18 aur. á hvert hundrað	1311 12	
Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði	330 00	
Aðrar tekjur	<u>270 81</u>	2207 99

Gjöld :

Kostnaður sjóðsins	1310 81	
Varið til eflingar búnaði	330 00	
Eign til næsta árs	<u>567 18</u>	2207 99

Íslands norður- og austuramt, Akureyri 29. nóvbr. 1890.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. okt. síðastl., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Staðarhreppi í Húnavatnssýslu dags. 3. sept. þ. á. með tilheyrandi fylgiskjölum, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 20. jan. þ. á. er staðfestir þann úrskurð hlutaðeigandi sýslumanns, að Þorkelshólshreppur skuli endurgjalda Staðarhreppi 16 kr. 17 auro af óendurgoldnu framlagi tjeðs hrepps með stúlkunni Siguríós Sæmundsdóttur og barni hennar óskilgetnu, og fer hreppsnefndin fram á, að tjeðum úrskurði verði breytt þannig, að Þor-

186 kelshólshreppi verði gjört að skyldu að endurgjalda Staðarhreppi allan útlagðan kostnað fyrir nefnda stúlku og barn hennar, að upphæð alls 40 kr. 38 aura.

30. des.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hreppsnefndinni í Staðarhreppi, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem úrskurður yðar er á byggður, og skal hann því í öllum greinum óraskaður standa.*

*) Úrskurður amtmannsins í máli þessu er svo hljóðandi:

Með þóknanlegu brjefi, dags. 9. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hing- að auk annara skjala erindi hreppsnefndarinnar í Staðarhreppi, þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar, 17. apríl f. á. er ákveður að Þorkelshólshreppur skuli endurborga Staðarhreppi 16 kr. 17 a. af óendurgoldu framlagi tjeðs hrepps, með stúlkunni Sigurrós Sæmundsdóttur og óskilgetnu barni hennar, að upphæð alls 40 kr. 38 a.; og hefi jeg nú lagt svolatandi úrskurð á þetta mál.

Eptir þeim skýrslum, sem fyrirleggja, hefir hreppsnefndin í Staðarhreppi tekið óskilgetið barn Sigurrósar Sæmundsdóttur til framfærslu af fátækrafje þegar eptir fæðingu þess, 28. desbr. 1886, en eigi skýrt framfærsluhrepp hennar Þorkelshólshrepp brjeflega frá þessu, fyr en með brjefi 17. septbr. 1887, þá er hún krafðist endurgjalds á framlagi sínu með Sigurrós og barni hennar, sem nemur 34 kr. 21 eyr. fyrir tímann til krossmessu 1887, og 16 kr. 17 aur. eptir krossmessu, sem meðlag með móðurinni í 35 daga og með barninu í 42 daga, alls 50 kr. 38 a., en hjer frá ganga 10 kr., sem Sigurrós sjálf hafði borgað til hreppsnefndarinnar í Staðarhrepp. Hreppsnefndin í Þorkelshólshreppi virðist samt að hafa vitað fyrr af styrkveitingunni en um haustið 1887, þar sem Sigurrós og barn hennar var flutt á Þorkelshólshrepp vorið 1887, eptir því sem skýrt er frá í brjefi yðar og brjefi hreppsnefndarinnar í Staðarhreppi, 14. nóvbr. 1888, eða rjettara sagt, um fyrri hluta sumarsins, enda hefur hreppsnefndin í Þorkelshólshreppi ekki haft neitt á móti því, að borga það framlag, sem til fjell eptir krossmessu 1887, en þó viljað, að áðurnefndar 10 kr. yrðu látnar koma upp í það. En hvað sem um þetta er, þá hefur hreppsnefndinni í Staðarhrepp yfirsjezt í því, að tilkynna eigi þegar í stað hreppsnefndinni í Þorkelshólshreppi um veitingu styrksins, því þótt það hefði eigi getað komið til tals, að flytja nýfætt barn fátækraflutningi um hávetur, eins og hreppsnefndin í Þorkelshólshrepp eða hinn fyrri oddviti þar virðist ganga út frá í brjefi sínu, 11. desbr. 1888, þá átti framfærsluhreppurinn eptir hlutarins eðli og fátækralög- gjöfinni heimting á, að fá sem fyrst tilkynning um veitingu styrks þessa, sem veittur var þurfamanni hans í annari sveit, og er það skylda sveitastjórnar, sem leggur utan- hreppsmanni styrk, að grennslast þegar eptir framfærslusveit hans, og skýra henni þegar frá styrkveitingunni, þegar hún er fundin, sbr. sjerilagi landshöfðingjabrjef 17. nóvbr. 1874 og 10. marz 1888, (Stjórnartíðindi B, 1874, bls. 27, og 1888, bls. 57). Það er vitaskuld, að slík tilkynning á að koma frá hreppsnefndinni sjálfri, og er því brjef það, sem Sigurrós á að hafa skrifað oddvitnum í Þorkelshólshrepp, 27. jan. 1887, þegar af þeirri ástæðu pýðingarlaust. Þorkelshólshreppur verður því eigi skyldaður til, að endurborga þær 34 kr. 21 eyr., sem meðlagið nemur fyrir krossmessu, og sem nefndin hefur neitað að borga, og eins verð jeg að vera yður samdóma um það, að þær 10 kr., sem Sigurrós borgaði sjálf, eigi að koma upp í þá upphæð, sem nú var nefnd, þar sem þær, eptir skýrslu yðar, hafa verið greiddar af kaupi hennar, en eptir krossmessu 1887 þáði stúlkán sjálf meðgjöf í Staðarhreppi í 35 daga, og þá meðgjöf og meðgjöfina með barninu eptir krossmessu hefur Þorkelshólshreppur eigi neitað að endurborga.

Úrskurður yðar í þessu máli skal því sanda óraskaður. Þetta gefst yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndunum í Staðarhrepp og Þorkelshólshrepp.